

Nr. 46. Lagt fram í Héraðsdómi
Reykjavíkur 7. júní 2023.

G R E I N A R G E R Ð

sóknaraðila í héraðsdómsmálinu nr. K-3162/2023

Anti-Defamation League

gegn

1984 ehf.

DÓMKRÖFUR:

Sóknaraðili krefst þess að felld verði úr gildi ákvörðun Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, dags. 3. maí 2023, um að hafna beiðni sóknaraðila frá 26. apríl 2023 um lögbann á hendur varnaraðila samkvæmt lögbannsbeiðni nr. 2023-260291, og að lagt verði fyrir sýslumann að leggja lögbann við hýsingu varnaraðila á vefsíðunni <https://mapliberation.org>, hvort sem www. er fyrir framan nafn vefsíðunnar eða ekki, sem og gögnum efni og upplýsingum sem birt eru á vefsíðunni.

Þess er jafnframt krafist að lagt verði fyrir sýslumann að leggja lögbann við því að varnaraðili veiti aðgang að vefsíðunni <https://mapliberation.org>, hvort sem www. er fyrir framan nafn vefsíðunnar eða ekki, og dreifi gögnum, efni og upplýsingum sem á henni eru birt.

Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu, samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarrekningi, eða samkvæmt mati dómsins.

MÁLFLUTNINGSUMBOÐ:

Sigurður Kári Kristjánsson hrl., LLG Lögmönnum ehf., Laugavegi 31, 101 Reykjavík, fer með mál þetta f.h. sóknaraðila Anti-Defamation League, með lögheimili að 605 Third Avenue, New York, NY 10158-3560, í Bandaríkjunum.

FRAMLÖGÐ SKJÖL:

Sóknaraðili leggur fram eftirfarandi skjöl:

- Nr. 47. „*Vilja lögbann á „haturssíðu“ sem hýst er á Íslandi og hefur verið sögð tengast Íran.*“, frétt af vefsíðu Ríkisútvarpsins, www.ruv.is, dags. 18. maí 2023.
- Nr. 48 „*Gyðingasamtök vilja lögbann á síðu sem hýst er á Íslandi*“, frétt á vefsíðunni www.visir.is, dags. 22. maí 2023.
- Nr. 49. „*Boston Racism, Image, Reality*“, grein af vefsíðu The Boston Globe, <https://apps.bostonglobe.com>, dags. 10. desember 2017.

MÁLSÁSTÆÐUR OG ÖNNUR ATVIK:

1. Sóknaraðili eru virt félagasamtök sem stofnuð voru árið 1913. Samtökin eru frjáls og óhagnaðardrifin en lögheimili þeirra er í New York í Bandaríkjunum.
2. Tilgangur samtakanna hefur frá upphafi verið sá að berjast gegn ærumeiðingum í garð gyðinga og að tryggja réttlæti og sanngjarna meðferð allra. Í dag hafa samtökin þá yfirlýstu stefnu að berjast gegn gyðingahatri (e. *antisemitism*) og hvers kyns kynþáttahatri og hatursorðræðu hvar sem hún birtist.
3. Samtökin reka fjölmargar skrifstofur í Bandaríkjunum og í Evrópu. Tilgangi samtakanna og starfsemi þeirra, eins og þeim var lýst í athugasemdum varnaraðila til sýslumanns, er harðlega mótmælt sem röngum og meiðandi í garð sóknaraðila.

4. Varnaraðili er sérhæft vefhýsingarfyrirtæki.
5. Samkvæmt upplýsingum frá varnaraðila sjálfum þá sérhæfir hann sig í vefhýsingu fyrir fyrirtæki og einstaklinga um allan heim. Hjá varnaraðila eru hýstar þúsundir vefsíðna.
6. Á heimasíðu varnaraðila kemur fram að vefhýsing hjá honum sé sú vinsælasta á Íslandi.
7. Viðskipti við varnaraðila byggja á þjónustuskilmálum sem birtir eru á heimasíðu hans.
8. Í þeim kemur m.a. fram að sú hýsing sem varnaraðili bjóði upp á sé svokölluð deild hýsing, e. *shared hosting service*, sem þýði að margir áskrifendur deili með sér vélbúnaði og/eða sýndarvélbúnaði.
9. Í þjónustuskilmálunum kemur jafnframt fram að varnaraðili áskilji sér allan rétt til að slökkva á eða hamla notkun á þjónustu áskrifanda, tímabundið eða endanlega, svo sem ef varnaraðili áliti að verið sé að brjóta lög eða siðferðisviðmið sem varnaraðili telji eðlilegt að gera kröfu um að virt séu af áskrifendum hverju sinni.
10. Þá leggja þjónustuskilmálarnir bann við því að bjóða, selja eða tengja við aðrar vefsíður sem bjóða, selja eða sýna ólöglegt, skaðlegt eða siðferðislega ámælisvert efni eða upplýsingar að mati varnaraðila.
11. Ennfremur mæla þjónustuskilmálarnir fyrir um að viðskiptavinir varnaraðila afsali sér öllum bótarétti á hendur varnaraðila vegna mögulegs tjóns sem bann, s.s. samkvæmt framansögðu, eða lokun þjónustu kann að valda þeim.

12. Að öðru leyti mæla þjónustuskilmálarnir fyrir um afar takmarkaða ábyrgð varnaraðila vegna þeirrar þjónustu sem hann veitir. Gildir ábyrgðartakmörkun skilmálanna raunar án tillits til sakar varnaraðila eða starfsmanna hans.

13. Má því segja að varnaraðili afsali sér ábyrgð á öllu því efni sem hann þó hýsir gegn greiðslu.

14. Ein af þeim vefsíðum sem varnaraðili hýsir er vefsíðan <https://mapliberation.org>

15. Varnaraðili hefur neitað að upplýsa hverjir standa að vefsíðunni, þrátt fyrir áskoranir sóknaraðila þar um. Þegar af þeirri ástæðu getur dómurinn ekki horft til einhverra óskilgreindra hagsmuna höfunda efnis vefsíðunnar eða aðstandenda hennar, eins og varnaraðili krefst, enda ekki vitað hverjir þeir eru. Ef marka má fréttir tengjast þeir stjórnvöldum í Íran.

16. Í öllu falli er augljóst að aðstandendum hennar er mjög í nöp við gyðinga og samfélag þeirra, hvort sem þeir eru staðsettir í Ísrael eða annarsstaðar.

17. Ber efni vefsíðunnar augljós einkenni hatursorðræðu og gyðingahaturs (e. *antisemitism*).

18. Tilgangurinn með vefsíðunni er skýrður á forsíðu hennar og eru efnistökin í samræmi við þann tilgang.

19. Sú hatursorðræða sem birtist á vefsíðunni beinist gegn einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem tengjast samfélagi gyðinga í Boston, Massachusetts í Bandaríkjunum og nágrenni borgarinnar.

20. Á forsíðu hennar er augljóslega hvatt til þess að gripið verði til aðgerða gegn stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum, sem ábyrgðarmenn vefsíðunnar segja að tengist samfélagi gyðinga í Boston og nágrenni, með þeim hætti að þau verði upprætt (e. *dismantled*) eða að þeim eða starfsemi þeirra verði sundrað eða hún trufluð (e. *disturbed*).

21. Nánar tiltekið er þeirri orðræðu beint gegn stofnunum sem tilheyra eða tengjast með einhverjum hætti samfélagi gyðinga á svæðinu, svo sem framhaldsskólum, þjónustustöðvum fatlaðs fólks, félögum námsmanna, bænahúsum, fjölmöldum, góðgerðarfélögum og jafnvel listamiðstöðvum.

22. Hatursorðræðunni er ekki einungis beint gegn stofnunum sem tengjast gyðingum með einhverjum hætti heldur einnig gegn einkafyrirtækjum, stjórnmalamönnum, lögreglustöðvum, fjármálfyrirtækjum, háskólum og fyrirtækjum á heilbrigðissviði.

23. Svo langt er raunar gengið að heimilisföng einstaklinga, fyrirtækja og stofnana eru birtar á vefsíðunni auk þess sem nöfn fyrirsvarsmanna og aðrar persónuupplýsingar eru þar birtar.
24. Þá má á vefsíðunni finna kort með punktum og línum sem tengir þá einstaklinga, fyrirtækja og stofnanir sem þar eru nafngreindir saman og þeim ranglega gerðar upp skoðanir og aðild að ýmsum óhæfuverkum sem lýst er á vefsíðunni.
25. Með öðrum orðum felur efni vefsíðunnar, þær upplýsingar sem þar koma fram og framsetning þeirra í sér hvatningu og/eða ákall um aðgerðir gegn gyðingum. Sú þekkta leið er hins vegar farin á síðunni við framsetningu á efni og skilaboðum að þeim lesendum sem taka þá hvatningu eða ákall til sín sem þar birtist er eftirlátið að ákveða sjálfir í hverju slíkar aðgerðir skuli felast og hvaða aðferðum skuli beitt. Er það til að mynda gert með eftirfarandi hætti:

„Við höfum sýnt raunveruleg heimilisföng, nöfn fulltrúa og forystumanna, og kortlögð tengsl. Þessi félög eru raunverulega til og unnt er að raska þeim. Við vonum að fólk nýti sér kort okkar til þess að sjá hvernig sé unnt að bregðast [sic] við með áhrifaríkum hætti.“

26. Efni vefsíðunnar hefur valdið sóknaraðila og öðrum þeim sem nafngreindir eru á henni verulegum áhyggjum.
27. Þeim áhyggjum deilir raunar samfélaga gyðinga á Boston svæðinu sem lítur á efni síðunnar sem alvarlega ógn gegn sér og öryggi sínu og gróft brot gegn friðhelgi sinni og einkalífi.
28. Ber efni vefsíðunnar enda með sér að tilgangurinn með henni sé sá að hvetja til þess að gripið verði til aðgerða gegn þeim sem tilheyra samfélagi gyðinga í Boston og nágrenni. Verða þær ekki verða túlkaðar með öðrum hætti en sem hótanir eða hvatning til refsiverðrar háttsemi gegn sóknaraðila og öðrum þeim sem nafngreindir eru á vefsíðunni eða tilgreindir þar með öðrum hætti, í besta falli brotum gegn réttindum þeirra sem njóta réttarverndar.
29. Í því sambandi bendir sóknaraðili á að opnum vefsíðunnar átti sér stað á sama tíma og skotarásum gegn almennum borgurum í Bandaríkjunum hefur fjölgað mjög, hvort sem er í skólum, verslunarmiðstöðum, bænahúsum eða á öðrum opinberum og fjölförnum stöðum, en samfélög gyðinga og annarra jaðarsettra hópa hafa reynst sérstaklega útsett fyrir slíkum árasum.
30. Má nefna að þeir árásarmenn sem réðust með skotarásum á Tree of Life bænahúsið í Pittsburgh í Pennsilvaníu í Bandaríkjunum í október 2018 og í skotárásinni á blökkufólk í Tops verslunarmiðstöðinni í Buffalo í New York fylki í Bandaríkjunum í maí 2022 voru haldnir gyðingahatri (e. *antisemitism*).

31. Telur sóknaraðili ljóst að tilgangurinn með vefsíðunni sé sá að ýta undir ofbeldishegðun eins og þá sem þar átti sér stað.

32. Með lögbannsbeiðni, dags. 26. apríl 2023, krafðist sóknaraðili þess að lögbann yrði lagt við hýsingu varnaraðila á vefsíðunni, sem og á gögnum, efni og upplýsingum sem þar birtast. Að auki krafðist sóknaraðili þess að sýslumaður legði lögbann við því að varnaraðili veitti aðgang að vefsíðunni og efni hennar með þeim hætti sem greinir í kröfugerð beiðnarinnar.

33. Með ákvörðun dags. 3. maí 2023 synjaði sýslumaður hins vegar beiðni sóknaraðila.

34. Í forsendum ákvörðunar sýslumanns sem bókuð var í gerðarbók hans kemur m.a. fram það mat sýslumanns að sóknaraðili hefði ekki „*sýnt fram á eða gert sennilegt að uppfyllt séu skilyrði 24. gr. laga nr. 31/1990 til að leggja á umkrafið lögbann. Má þar m.a. nefna að ekki verður betur séð en að efni vefsíðunnar sem krafan beinist að sé innan marka tjáningarfrelsис og að réttarreglur um refsingu eða skaðabætur tryggja hagsmuni gerðarbeïðanda.*“ Taldi sýslumaður með vísan til framlagðra gagna og framkominna sjónarmiða aðila að skilyrði 24. gr. laga nr. 31/1990 teldust ekki uppfyllt og synjaði því beiðninni.

35. Þar sem sóknaraðili telur niðurstöðu sýslumanns ranga og þær forsendur sem hún byggði á ekki standast krefst hann úrlausnar héraðsdóms um ákvörðunina með vísan til ákvæða 1. mgr. 33. gr. laga nr. 31/1990.

36. Krefst sóknaraðili þess að ákvörðun sýslumanns verði felld úr gildi og að fyrir hann verði lagt að leggja á umkrafið lögbann með vísan til þeirra málsástæðna sem fram koma í greinargerð þessari til dómsins og í lögbannsbeiðni hans frá 26. apríl 2023.

37. Sóknaraðili byggir á því að öll skilyrði 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl., fyrir því að leggja umkrafið lögbann séu uppfyllt.

38. Við blasi að efni vefsíðunnar rúmist ekki innan marka tjáningarfrelsис eins og sýslumaður heldur fram. Jafn ljóst sé að réttarreglur um refsingu eða skaðabætur tryggja ekki hagsmuni sóknaraðila, líkt rakið verður hér að neðan.

39. Sóknaraðili telur augljóst að efni vefsíðunnar <https://mapliberation.org/> beri augljós einkenni hatursorðræðu, kynþátta- og gyðingahaturs (e. antisemitism).

40. Tilgangurinn með henni sé augljóslega sá að jaðarsetja skilgreindan hóp fólks og hvetja til aðgerða gegn því út frá kynþætti þessa, trúarskoðunum og uppruna þar sem alið er á og kynt undir kynþátta- og gyðingahatri.
41. Efni vefsíðunnar verður ekki túnkað með öðrum hætti en sem beinum hótunum eða hvatningum til brota gegn réttindum annarra, sem sóknaraðili túlkar hvatningu til refsiverðrar háttsemi, s.s. ofbeldis- og/eða skemmdaverka, gagnvart þeim sem tilheyra samfélagi gyðinga í borginni og nágrenni hennar. Að öðrum kosti væru nöfn og heimilisföng þeirra sem nefndir eru sérstaklega á síðunni sérstaklega tilgreind þar og ætluð tengsl þeirra kortlögð með skipulagum hætti.
42. Með slíkri nafnbirtingu og upplýsingum um heimilisföng og starfsstöðvar séu sóknaraðili, líkt og aðrir þeir sem tilgreindir eru á síðunni, augljóslega gerðir að beinum skormörkum þeirra aðgerða sem hvatt er til á vefsíðunni.
43. Þegar af þessum ástæðum blasir við að efni vefsíðunnar getur ekki talist framlag til almennrar stjórnsmála- eða þjóðmálaumræðu af einhverju tagi eða að það sé innan þeirra marka sem sóknaraðila beri að þola í opinberri umræðu í lýðræðissamfélagi eins og varnaraðili heldur fram. Byggir sóknaraðili á að efni vefsíðunnar eigi ekkert skyld við þess háttar umræðu.
44. Sóknaraðili mótmælir alfarið staðhæfingum varnaraðila þess efnis að í kröfugerð sóknaraðila felist þöggunartilburðir.
45. Sóknaraðili byggir á því að þótt tjáningarfrelsi manna njóti verndar samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, þá sé sú vernd ekki ótakmörkuð.
46. Hún takmarkist m.a. af þeirri vernd sem friðhelgi einkalífs sóknaraðila, og annarra sem nafngreindir eru á vefsíðunni, er veitt samkvæmt ákvæðum 71. gr. sömu stjórnarskrár og samkvæmt 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.
47. Sóknaraðili bendir á að samkvæmt framangreindum tjáningarfrelsísákvæðum sé heimilt að setja tjáningarfrelsingu skorður svo sem vegna allsherjarreglu, í því skyni að firra glundroða og glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum annarra, líkt og mælt er fyrir um framangreindum tjáningarfrelsísákvæðum.
48. Öllum skilyrðum fyrir því að beita slíkum takmörkunum með þeim hætti sem krafist er af hálfu sóknaraðila í máli þessu er fullnægt.
49. Tjáningarfrelsísákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála er ekki ætlað að tryggja rétt manna, sem í þessu tilviki hefur ekki verið upplýst hverjir eru, til að hafa opinberlega í hótunum við eða hvetja til brota gegn réttindum annarra, þ. á m. til refsiverðrar háttsemi gagnvart hópum fólks eða samfélögum sem

skilgreind eru út frá kynþætti þeirra, trúarskoðunum eða uppruna, líkt og augljóslega er gert á vefsíðunni <https://mapliberation.org/> Gildir þar einu hvort slíkar hvatningar eða hótanir eru settar fram með beinum eða óbeinum hætti.

50. Sömu tjáningarfrelsískvæðum sé heldur ekki ætlað að vernda réttindi manna til að hýsa, dreifa eða veita aðgang að slíku efni á þann hátt sem varnaraðili gerir.
51. Þvert á móti brjóti slík tjáning, hýsing hennar og dreifing þvert gegn réttindum þeirra sem tjáningin beinist gegn, en þau réttindi njóta einnig verndar samkvæmt framangreindum stjórnarskrár- og mannréttindaákvæðum.
52. Byggir sóknaraðili í því sambandi á að efni vefsíðunnar brjóti gróflega í bága við friðhelgi einkalífs hans, og annarra sem síðunni er beint gegn, sem varið sé samkvæmt 71. gr. stjórnarskrár og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.
53. Efni vefsíðunnar sé ekki einungis ógnandi gagnvart sóknaraðila, heldur vegi það einnig að æru hans og starfmannsamtakanna. Að auki séu þar birtar grófar rangfærslur um sóknaraðila og starfsemi hans, **gagngert í því skyni að jaðarsetja hann og til að fá lesendur síðunnar upp á móti sóknaraðila og til að grípa gegn aðgerða gegn honum.** Er höfðað til lægstu hvata í því skyni.
54. Sóknaraðili byggir á því að efni vefsíðunnar beri öll merki hatursorðræðu, enda sé þar gert út á kynþátta- og gyðingahatur (e. *antisemitism*). Slík orðræða njóti hvorki verndar 73. gr. stjórnarskráinnar né 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og rúmist því ekki innan marka þess tjáningarfrelsísemum framangreindum réttarreglum er ætlað að vernda, líkt og sýslumaður hélt fram.
55. Þótt ekki liggi fyrir formleg skilgreining á hugtakinu „*hatursorðræða*“ að þjóðarétti eða landsrétti ríkja sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar megi af ýmsum lagaákvæðum og þjóðréttargerðum finna skilgreiningar á hugtakinu hatursorðræðu og efnislegu inntaki þess.
56. Í því sambandi telur sóknaraðili rétt að horft sé til ákvæðis 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem er það ákvæði hegningarlaga sem kennt er við hatursorðræðu, en það leggur refsingu við því að rógbera, smána eða ógna manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernisuppruna eða þjóðlegs uppruna, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, fötlunar, kyneinkenna, kynhneigðar eða kynvitundar. Leggur ákvæðið jafnframt refsingu við að breiða slíkt út og getur brot gegn ákvæðinu varðað sektum eða fangelsi allt að 2 árum.
57. Af dómaframkvæmd leiðir að stök ummæli sem undir ákvæðið falla eru talin nægja til þess að ákvæðið sé talið eiga við.
58. Þjóðréttargerðir veita einnig vísbendingar um hverjir teljist meginþættir í inntaki hugtaksins á alþjóðlegum vettvangi og samkvæmt íslenskum rétti.

59. Þannig vísar 2. mgr. 20. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 16. desember 1966, sbr. lög nr. 10/1979, til haturs vegna þjóðernis, kynþáttar- eða trúarbragða, sem og tjánings sem felur í sér hvatningu um mismunun, fjandskap eða ofbeldi.
60. Í 4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis frá 21. desember 1965, sbr. lög nr. 14/1968, er vísað til áróðurs sem byggir á hugmyndum eða kenningum um yfirburði tiltekinna kynþáttta, eða hóps manna af ákveðnum litarhætti eða þjóðlegum uppruna, eða sem reynir að réttlæta eða hvetja til kynþáttahaturs og misréttis í hvers konar mynd.
61. Samþykkt ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 1997, vísar til tjánings sem dreifir, hvetur til, stuðlar að eða réttlætir kynþáttahatur, útlendingahatur, gyðingahatur eða annars konar hatur sem byggist á umburðaleysi, sem birtist m.a. í óvæginni þjóðernishyggju, mismunun og fjandskap gegn minnihlutahópum, farandverkafólki og fólki af erlendum uppruna.
62. Þá vísar sóknaraðili til samnings Evrópuráðsins um tölvubrot frá 23. nóvember 2001 og viðbótarbókunar við samninginn frá 28. janúar 2003. Í viðbótarbókuninni er vísað til framsetningar hugmynda og kenninga sem mæla með, stuðla að eða kynda undir hatri, mismunun eða ofbeldi sem er beint gegn hvaða einstaklingi eða hópi einstaklinga sem á rót sína að rekja til kynþáttar, litarháttar, ætternis eða þjóðlegs eða þjóðernislegs uppruna og til trúarbragða.
63. Ákvæði fjölmiðlalaga nr. 38/2011 geyma einnig mikilvægar meginreglur á þessu réttarsviði. Þannig er óheimilt, skv. 27. gr. laganna, að kynda með markvissum hætti undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis eða menningarlegrar, efnahagslegrar, félagslegrar eða annarrar stöðu í samfélagini.
64. Í skýringum í greinargerð við ákvæðið er hugtakið skilgreint sem tal, texti, tjáning, hegðun og/eða framkoma sem birtist í texta, hljóði og/eða mynd þar sem hvatt er til ofbeldis, fordóma og/eða fordómafullrar hegðunar gegn einstaklingi eða hópi af fólki og/eða með því að vanvirða, smána, hræða og/eða ógna viðkomandi einstaklingi eða hópi.
65. Til frekari afmörkunar hefur hugtakið hatursorðræða á alþjóðavettvangi verið gróflega greint niður í fjögur mismunandi þrep þar sem stuðst hefur verið við það sem nefnt hefur verið „*The Hate Speech Pyramid*“.
66. Byggir sóknaraðili á því að samkvæmt þeim mælikvörðum sem þar eru lagðir til grundvallar sé ljóst að efni vefsíðunnar <https://mapliberation.org/> telst vera hatursorðræða svo sem í skilningi 233. gr. a. almennra hegningarlaga og annarra réttarheimilda sem vísða er til hér að framan.

67. Að öllu framangreindu virtu byggir sóknaraðili á því að hann hafi sannað, a.m.k. gert sennilegt í skilningi 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990, að efni vefsíðunnar <https://mapliberation.org/> teljist hatur sorðræða í framangreindum skilningi, enda sé á vefsíðunni beinlínis gert út á gyðingahatur (e. *antisemitism*), í besta falli fordóma og andúð gagnvart gyðingum.
68. Efni hennar brjóti augljóslega gegn réttindum sóknaraðila og annarra sem á henni eru nafngreindir, þ. á m. friðhelgi þeirra til einkalífs. Því rúmist efni vefsíðunnar ekki með nokkrum hætti innan marka tjáningarfrelsис sem njóti verndar 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.
69. Þegar af þessum ástæðum sé ákvörðun sýslumanns um að synja lögbannsbeiðni sóknaraðila röng.
70. Hana beri að fella úr gildi og leggja fyrir sýslumann að leggja á það lögbann sem sóknaraðili hefur gert kröfu um.

--- --- ---

71. Sóknaraðili hefur leitað aðstoðar stjórvalda bæði í Bandaríkjunum og á Íslandi með það fyrir augum að fá vefsíðunni lokað af framangreindum ástæðum.
72. Þær tilraunir hafa fram til þessa ekki skilað árangri. 
73. Í þeim samskiptum hefur m.a. komið fram að lögreglan á Íslandi telji sig þurfa dómsúrskurð til þess að henni teljist heimilt að grípa til aðgerða gagnvart því fyrirtæki sem annast hýsingu vefsíðunnar, þ.e. varnaraðila.
74. Með áskorun dags. 3. mars sl. skoraði sóknaraðili á varnaraðila að loka vefsíðunni, fjarlægja það efni sem á henni birtist og/eða hindra aðgang að henni. Við þeirri áskoðun varð varnaraðili ekki.
- --- ---
75. Eins og áður segir byggir sóknaraðili á því að öll skilyrði 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 fyrir því að leggja umkrafið lögbann á séu uppfyllt.
76. Af kröfugerð sóknaraðila má sjá að krafa hans beinist að hýsingu vefsíðunnar <https://mapliberation.org/>, dreifingu þess efni sem á henni er og aðgangi almennings að síðunni.
77. Óumdeilt er að varnaraðili hýsir framangreinda vefsíðu.

78. Þar sem varnaraðili er íslenskur lögaðili og vefsíðan er hýst á Íslandi er lögsagan í máli þessu hér á landi. Gildir þar einu þótt efni vefsíðunnar sé beint að einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum utan íslenskrar lögsögu, þ.e. í Bandaríkjunum.

79. Sóknaraðili er einn þeirra aðila sem nefndur er sérstaklega á vefsíðunni og efni hennar og birting þess beinist gegn. Eru raunar allir 25 stjórnarmenn í landsstjórn sóknaraðila nafngreindir á síðunni ásamt tugum einstaklinga sem starfa fyrir sóknaraðila í Bandaríkjunum.
80. Þá er víða á vefsíðunni að finna einkar gildishlaðna, ranga og ósanna umfjöllun um starfsemi sóknaraðila. Nægir í því sambandi að nefna staðhæfingar um að gerðarbeiðandi hafi með höndum njósnastarfsemi, s.s. gagnvart tilteknum aðgerðarsinnum, en auk þess hafi sóknaraðili, sem segist standa vörð um réttindi gyðinga og annarra jaðarsettra hópa, stutt ofbeldi gegn þeim og jafnvel slegið hlífiskyldi yfir nasista.
81. Tilgangur þeirrar umfjöllunar er augljóslega sá að ala á hatri eða óvild í garð sóknaraðila og hvetja lesendur síðunnar til aðgerða, jafnvel ofbeldis gagnvart honum, þeim einstaklingum sem tengjast eða starfa fyrir sóknaraðila, eða gegn samfélagi gyðinga í Boston og nágrenni og þeim einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum sem nafngreind eru á vefsíðunni og tengd saman með þeim hætti sem þar má sjá.
82. Þegar af þeirri ástæðu sé ljóst að sóknaraðili hefur lögvarða hagsmuni af kröfugerð sinni í máli þessu í skilningi 24. gr. laga nr. 30/1991 og samkvæmt meginreglum réttarfars, enda brjóti vefsíðan, hýsing hennar og dreifing þess efnis sem á henni er með skýlausum hætti gegn lögþörðum réttindum hans s.s. í skilningi 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, eins og áður segir.
83. Þess utan teljist efni vefsíðunnar hatursorðræða og gyðinghatur (e. *antisemitism*) í framangreindum skilningi. Efni hennar sem slíkt sé því í andstöðu við ákvæði 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og dreifing þess auk þess refsiverð samkvæmt ákvæðinu.
84. Sóknaraðili bendir á að íslenskir dómstólar hafa í dómsúrlausnum sínum fallist á að aðgangur að vefsíðum skuli hindraður teljist efni þeirra eða virkni brjóta gegn lögþörðum réttindum manna. Nægir í því sambandi að vísa til dóma Hæstaréttar í málum nr. 214/2009, 25/2017 og 33/2017.
85. Brot gegn lögþörðum hagsmunum og réttindum sóknaraðila hefur átt sér stað um nokkra hríð. Er ekki fyrirséð að nokkurt lát verði á þeim brotum að óbreyttu. Háttsemin hafi hafist þegar aðstandendur vefsíðunnar sömdu við varnaraðila um hýsing hennar hinn 18. júní 2022 og vefsíðan fór í kjölfarið í loftið. Varnaraðili hýsi hana enn og leggur með því sitt af mörkum til að veita lesendum aðgang að því efni sem þar birtist. Því sé um athöfn að ræða, sem þegar sé hafin, sbr. áskilnað 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990. Engu skipti í því sambandi þótt hýsingin hafi staðið yfir í töluverðan tíma. Hún sé ekki yfirstaðin, heldur viðvarandi, verði ekkert að gert.

-
86. Sóknaraðili mótmælir því að krafa hans sé of viðurhlutamikil og gangi of langt eins og varnaraðili heldur fram.
87. Sóknaraðili byggir þvert á móti á því að skemur verði ekki gengið. Það leiði af eðli síðunnar, hönnun hennar, efni og þeim tilgangi sem býr henni að baki, að lögbann verður ekki lagt við hýsingu á eða aðgangi að hluta hennar.
88. Í því sambandi beri að líta til þess að vefsíðan felur í sér, eins og heiti hennar gefur til kynna, kortlagningu þeirra einstaklinga og lögaðila sem aðstandendur hennar eru andsnúrir og vilja grípa til aðgerða gegn. Á henni eru nöfn þeirra birt, heimilisföng þeirra tilgreind og tengsl þeirra, eins og þau horfa við aðstandendum síðunnar, birt.
89. Það leiði af eðli máls að annað hvort verður slík kortlagning á netinu, í þeim tilgangi sem að framan er lýst, bönnuð eða ekki.
90. Að sama skapi er sóknaraðila nauðsynlegt að krefjast lögbanns við hýsingu vefsíðunnar og við því að aðgangur sé veittur að því efni sem varnaraðili hýsir.
91. Í þessu sambandi megi leggja hýsingu vefsíðunnar og veitingu aðgangs að hinu hýsta efni að jöfnu í þeim skilningi að lesendur hefðu ekki aðgang að vefsíðunni væri það ekki hýst hjá hýsingaraðila, í þessu tilviki varnaraðila.
92. Þegar af þessum ástæðum er ljóst að sóknaraðila væri ekki kleift að ná fram réttindum sínum nema með þeim hætti sem hann gerir með kröfugerð sinni. Þeim réttindum næði hann ekki fram með því að krefjast einungis lögbanns vegna tiltekinna ummæla á síðunni.
-
93. Sóknaraðili byggir á því að hann hafi þegar orðið fyrir tjóni fyrir tilstilli varnaraðila, þar sem varnaraðili hýsi vefsíðu sem brjóti gegn lögvörðum réttindum hans, líkt og að framan greinir. Þá kunni hýsing vefsíðunnar að leiða til frekara tjóns fyrir sóknaraðili og aðra þá sem hún tilgreinir í framtíðinni í ljósi þess efnis, hvatninga og áskorana sem á henni birtast verði ekkert að gert. Ekki sé að sjá að varnaraðili muni breyta háttsemi sinni að óbreyttu. Þá sé ómögulegt að gera sér grein fyrir því hversu mikið tjón muni mögulega hljótast af því í framtíðinni verði aðgangur að vefsíðunni áfram óheftur, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990.
94. Sóknaraðili byggir á því að tjón gerðarbeiðanda og röskun á hagsmunum hans og réttindum muni ekki fást bætt eftir reglum skaðabótaréttarins eða réttarreglum um refsingu.

95. Þannig liggi ekki fyrir hverjir aðstandendur vefsíðunnar eru. Varnaraðili neitar að upplýsa um það. Er því óljóst gegn hverjum slíkar kröfur ættu að beinast gegn.
96. Einnig sé óljóst hversu mikið tjón muni hljótast eða kunni að hljótast af óheftum aðgangi að vefsíðunni, sbr. 1. tl. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990.
97. Engar upplýsingar liggi fyrir um hæfi eða getu aðstandenda vefsíðunnar til að greiða sóknaraðila skaðabætur vegna þess tjóns sem hlotist hefur eða hljótast kann af rekstri hennar og því efni sem þar er birt, enda ekki vitað með vissu hverjir þeir eru.
98. Þá hafi varnaraðili afsalað sér allri ábyrgð á því efni sem hann hýsir samkvæmt áðurnefndum þjónustuskilmálum. Ábyrgðartakmarkanir í lögum nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, s.s. ákvæði V. kafla laganna, leiða til þess reglur skaðabótaréttarins og réttarreglur um refsingu verja ekki réttindi sóknaraðila gagnvart varnaraðila.
99. Þá byggir sóknaraðili á því að hagsmunir hans af því að lögbann verði lagt við hýsingu síðunnar séu miklum mun meiri en hagsmunir varnaraðila af því að hýsa vefsíðuna áfram og tryggja með henni óheftan aðgang lesenda að því efni sem þar birtist, sbr. 2. tl. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990.
100. Hýsing vefsíðunnar tryggi aðstandendum hennar einungis nauðsynlega aðstöðu til þess að brjóta gegn lögvörðum réttindum sóknaraðila, en ekki til að stunda aðra háttsemi, enda sé efni vefsíðunnar ætlað að auðvelda lesendum hennar og notendum ólögmætar athafnir og til að hvetja til beitingu þeirra.
101. Af þeirri ástæðu verði að virða að vettugi þá hagsmuni sem varnaraðili kunni að hafa af því að hýsa vefsíðuna áfram, enda tilgangurinn með því að halda henni úti ólögmætur eins og efni hennar, líkt og rakið er að framan.
102. Hagsmunir aðstandenda vefsíðunnar eða höfundar efnis hennar hafa ekki þýðingu fyrir sakarefni málsins, enda hefur ekki verið upplýst um hverjir þeir eru.
-
103. Að lokum byggir sóknaraðili á því að ákvæði laga nr. 20/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, um ábyrgðartakmarkanir þjónustuveitanda á borð við varnaraðila, girði ekki á nokkurn hátt fyrir að umkrafið lögbann verði lagt á.
104. Þvert á móti sé beinlínis kveðið á um það í athugasemdum með frumvarpi til laganna, sbr. V. kafla athugasemdanna, að ákvæði þeirra hafi ekki áhrif á lögbannsúrræði aðila.

105. Að öllu framangreindu virtu byggir sóknaraðili á því að öll skilyrði 24. gr. laga nr. 31/1990 fyrir því að leggja lögbann við háttsemi varnaraðila séu uppfyllt.

106. Með vísan til þess og þeirra málsástæðna sem raktar eru í lögbannsbeiðni sóknaraðila til sýslumanns ber að fallast á kröfur hans enda verða réttindi hans ekki tryggð með öðrum hætti.

107. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt mati dómsins.

108. Málskostnaðarkrafan byggir á ákvæðum 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 35. gr. laga nr. 31/1990 og 1. mgr. 91. gr. aðfararlaga nr. 90/1989.

ÁSKORUN:

109. Sóknaraðili skorar á varnaraðila að upplýsa hvaða einstaklingar og/eða lögaðilar standa að vefsíðunni <https://mapliberation.org/> sem varnaraðili hýsir og eru í viðskiptum við varnaraðila vegna hýsingar á henni.

TILVÍSUN TIL HELSTU LAGAÁKVÆÐA:

110. Kröfum sínum til stuðnings vísar sóknaraðili til ákvæða laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl., einkum 24. gr. laganna og meginreglna einkamálaréttarfars og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, svo meginreglna um lögvarða hagsmuni. Þá vísar sóknaraðili til ákvæða 71. og 73. gr. stjórnarskrárinna nr. 33/1944, og ákvæða 8. og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá vísar sóknaraðili um hatur sorðræðu til 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en einnig til ákvæða alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi frá 16. desember 1966, sbr. lög nr. 10/1979, samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis frá 21. desember 2016, sbr. lög nr. 14/1968, samþykktar ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 1997 og samnings Evrópuráðsins um tölvubrot frá 23. nóvember 2001 og viðbótarbókunar við samninginn frá 28. janúar 2003. Að auki vísar sóknaraðili til ákvæða laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, og meginreglna fjölmíðlalaga nr. 38/2011. Um málskostnað og málsmeðferð ágreiningsmála eins og þessa vísar sóknaraðili til ákvæða laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl, nr. 31/1990 og ákvæði aðfararlaga nr. 90/1989, eftir því sem við á.

ÁSKILNAÐUR:

111. Sóknaraðili áskilur sér rétt til að færa fram frekari málsástæður og lagarök fyrir dómkröfum sínum á síðari stigum málsins.

SÖNNUNARGÖGN OG SKÝRSLUTÖKUR FYRIR DÓMI:

112. Sóknaraðili áskilur sér rétt til að kalla til vitni til skýrslutöku fyrir dómi undir rekstri málsins.

113. Þá er áskilinn réttur til framlagningar frekari sönnunargagna gefi varnir varnaraðila tilefni til.

Reykjavík, 6. júní 2023,
f.h. sóknaraðila,



Sigurður Kári Kristjánsson hrl.
sigurdur@llg.is

TIL HÉRAÐSDÓMS REYKJAVÍKUR.